

KIRKJUGARÐARÁÐ

136. fundur haldinn 14. nóvember 2016 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri ráðsins. Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga boðaði forföll og sótti varamaður hans Margrét Jónsdóttir fundinn í hans stað

Gestur: Arnfinnur Einarsson umsjónarmaður vefsins Gardur.is.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 14:05 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Kynning á vefnum *Gardur.is*. Arnfinnur Einarsson fer yfir umfang vefsins og þróun undanfarin ár

Komin er mikil þörf á að endurbæta gagnagrunninn og einfalda notkun hans..

3. Lokadrög að breytingum við lög nr. 36 frá maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Kirkjugarðaráð gekk frá breytingum á frumvarpinu og ákvað að senda breytingarnar til innanríkisráðherra. Framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs falið að senda bréf í samræmi við umræður á fundinum.

4. Endurskoðunarskýrsla kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2015

Endurskoðunarskýrslan var lögð fram. Formaður kynnti drög að þjónustusamningi við Biskupsstofu og húsaleigusamningi við Kirkjumálasjóð í samræmi við ábendingu frá Ríkisendurskoðun. Formanni falið að ljúka samningi fyrir næsta fund.

5. Næsti fundur

Haldinn hjá Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, miðvikudaginn 15. desember kl. 15:00. Kynnt verður verkefnið Verndarsvæði í byggð.

6. Önnur mál

a.

Þórsteinn Ragnarsson kynnti Kostnaðaráætlun frá Hugsmiðjunni um endurforritun á vefnum Gardur.is. Kostnaðaráætlunin lögð fram. Kristín Huld Sigurðardóttir óskaði eftir að kannað yrði hjá Ríkisendurskoðun hvort eðlilegt væri að Kirkjugarðaráð úthlutaði fjármagni til að styðja við uppbyggingu

verkefnisins Gardur.is sem KGSÍ heldur utan um, en formaður KGSÍ situr í Kirkjugarðaráði. Formaður ráðsins mun hringja og kanna málið hjá Ríkisendurskoðun.

b.

Smári Sigurðsson ræddi um fjármál Kirkjugarðaráðs. Hann gerði tillögu að á næsta ári og meðan gengur illa hjá kirkjugörðunum væri úthlutað til baka til Kirkjugarða til lögbundinna verkefna í stað þess að styrkja framkvæmdaverkefni. Framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs telur mikilvægt að fá aðlögunartíma/fyrirvara ef slíkt er gert. Garðarnir eru að undirbúa framkvæmdir næsta árs og því erfitt að hætta við úthlutun til framkvæmda á næsta ári. Framkvæmdastjóra var falið að tekinn yrði saman kostnaður vegna skrifstofu undanfarin 5 til 6 ár og greindur að fastur og breytilegur kostnaður.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 17:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari